

**133. fundur Félagsmálanefndar Fjallabyggðar  
haldinn í fjarfundi  
föstudaginn 10. september 2021 og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Díana Lind Arnarsdóttir, aðalmaður, D lista,  
Hólmar Hákon Óðinsson, aðalmaður, I lista,  
Jón Kort Ólafsson, aðalmaður, H lista,  
Sæbjörg Ágústsdóttir, formaður I lista,  
Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar.

**Fundargerð ritaði:** Hjörtur Hjartarson, félagsmálastjóri.

**Fyrir var tekið:**

- 1. Heildarendurskoðun á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 2105032**

**Niðurstaða**

*Deildarstjóri gerir grein fyrir gagnaskilum til úttektaraðila frá þjónustusvæði Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar.*

- 2. Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna - 2101038**

**Niðurstaða**

*Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna taka gildi 1. janúar 2022. Í lögnum er ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að ráðherra ber ábyrgð á því að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að undirbúa gildistöku laga þessara og styðja við innleiðingu þeirra. Lítið hefur bólað á aðgerðum stjórnvalda en undirbúningsvinna af hálfu sveitarfélagsins er hafin.*

- 4. Starfsleyfi fyrir Sambýlið Lindargötu - 2107028**

**Niðurstaða**

*Lagt fram starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir Sambýlið, Lindargötu 2, sem gildir til 18.06.2033.*

- 7. Trúnaðarmál, félagsleg þjónusta - 2109026**

**Niðurstaða**

*Erindi samþykkt.*

- 3. Aðgerðaáætlun um heilsueflingu aldraðra - 2108019**

**Niðurstaða**

*Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps sem skipaður var af heilbrigðisráðherra, með tillögum um fyrirkomulag samstarfsverkefna í*

*heilsueflingu aldraðra með það að markmiði að gera öldruðum kleift að búa í heimahúsum eins lengi og kostur er. Sérstaklega er horft til samstarfs ríkis og verkaskiptingar í málaflokknum sem lýtur að heilsueflingu aldraðra.*

**5. Drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu aldraða - 2107008**

**Niðurstaða**

*Drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu aldraða var kynnt á heilbrigðisþingi sem fram fór þann 20. ágúst sl. Í stefnunni er dregin upp sýn að æskilegu heildarskipulagi þjónustu við aldraða, samþættingu milli heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu og þverfaglegs samstarfs milli þessara þjónustustiga. Einnig er horft til nýrra áskorana og fjallað um mögulegar breytingar á framkvæmd og skipulagi þjónustunnar með hliðsjón af nýsköpun og þróun héraendis og hjá nágrannaþjóðum.*

**6. Þjónusta Landspítala við alvarlega langveik börn - 2107006**

**Niðurstaða**

*Landspítali hefur frá árinu 2004, þegar Rjóðrið var stofnað, sinnt hvíldar- og endurhæfingarlögnum fyrir alvarlega langveik börn. Í erindinu kemur fram að frá og með næstu áramótum 2021/2022 munu einungis börn sem ekki njóta þjónustu annars staðar s.s. í skammtímvistunum og þurfa veikinda sinna vegna að fá hvíldar- og endurhæfingarlagnir á 3.línu heilbrigðisstofnun fá dvalartíma í Rjóðri.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.**

---

Díana Lind Arnarsdóttir

---

Hólmar Hákon Óðinsson

---

Jón Kort Ólafsson

---

Sæbjörg Ágústsdóttir

---

Hjörtur Hjartarson